



Per mentis

Skilmálar Per mentis slf. varðandi ógnandi hegðun og áreiti

1. Skilgreiningar

Fyrirtækið er Per mentis slf., kt 660813-0550.

Starfsmaður er starfsmaður fyrirtækisins.

Skjólstæðingur er einstaklingur sem lýst hefur áhuga á þjónustu fyrirtækisins, hefur óskað eftir henni eða nýtt hana að einhverju leyti.

ADHD uppvinnsla, þjónustan, ferlið, ADHD greining og samsetningar af þessu, t.d.

ADHD uppvinnsla/greining, þýðir ferli þar sem skoðað er hvort tiltekinn einstaklingur hafi ADHD. Hugtakið á við allt ferlið, hverju nafni sem það nefnist, en er einkum notað yfir ferlið frá skimun til skila niðurstaðna.

Tími þýðir bókaðan tíma fyrir einhverskonar þjónustu fyrirtækisins við skjólstæðing, oftast fyrir komu skjólstæðingsins til starfsmanns.

Að missa af tíma þýðir að skjólstæðingur mæti ekki í, eða geri ekki það sem nauðsynlegt er að hann geri, til þess að tími nýtist sem skyldi, nema tíminn hafi verið afbókaður á þann hátt sem fyrirtækið tiltekur með minnst 24 klst fyrirvara. Dæmi um þetta gætu verið að mæta ekki í bókaðan tíma, mæta seint í hann, að aðrir sem áttu að mæta með mæti seint eða ekki, eða að upplýsingar vanti.

Ógnandi hegðun. Hvert það atferli, t.d. tjáning í ræðu, riti, líkamstjáningu eða öðru, sem réttmætt er að telja ógnandi með einhverjum hætti.

Ofbeldi. Hvert það atferli sem ætlað er til og/eða hefur leitt til, líkamsmeiðinga eða skemmda á eignum.

Allar skilgreiningar gilda jafnt í öllum fallbeygingum, fleirtölu og eintölu, með eða án greinis.

2. Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um atburði og atferli á starfsstöð fyrirtækisins og næsta nágrenni hennar. Þeir gilda einnig um atburði og atferli í kringum starfsmenn, fjölskyldur þeirra og nærri stöðum sem þeir koma á í tengslum við starf sitt, heimili þeirra eða annarra staða þar sem þeir venja komur sínar.

3. Ógnandi hegðun og/eða ofbeldi

Hver sá sem sýnir af sér ógnandi hegðun eða ofbeldi í skilningi skilmála þessa hefur fyrirgert rétti sínum til viðskipta við fyrirtækið og gildir það jafnt um öll viðskipti, þjónustu, vörukaupa eða annars. Hér er um að ræða varanlega ráðstöfun og er hún skráð m.a. í sjúkraskrá viðkomandi.

4. Rof þjónustu vegna ógnandi hegðunar og/eða ofbeldis

Ef einstaklingur fyrirgerir rétti sínum til viðskipta við fyrirtækið á þann hátt er lýst er í 3. grein skal því tekið á sama hátt og ef hann hefði afbókað alla frekari ráðgerða þjónustu á þeirri stundu. Um endurgreiðslur og slíkt fer eftir skilmálum um það og sérstaklega er bent á



Per mentis

ákvæði ýmissa skilmála varðandi fyrirframgreidda þjónustu.

5. **Ákvörðun og áfrýjun**

Hvaða starfsmaður sem er getur ákveðið að atburður eða atferli uppfylli skilgreiningu skilmála þessa á ógnandi hegðun og/eða ofbeldi.

Ef upp kemur ágreiningur á því hvort atburður eða atferli uppfylli skilgreiningu skilmálanna úrskurðar framkvæmdastjóri fyrirtækisins um það og er úrskurður hans endanlegur. Það að máli sé skotið til framkvæmdastjóra seinkar ekki áhrifum ákvörðunar starfsmanns, t.d. um að viðskiptum við einstakling sé hætt.

6. **Aðrar ráðstafanir**

Öll tilfelli ógnandi hegðunar og ofbeldis, svo og skyldra atvika, eru tilkynnt til lögreglu. Allar upptökur sem fyrirtækið kann að eiga, þar með talið hljóð-, mynd- og myndbandsupptökur, verða nýttar eftir því sem við á, geymdar og afhentar lögreglu og öðrum opinberum aðilum.